



Alþingi
Nefndasvið – Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Selfossi 4. maí 2015

Efni: Umsögn stjórnar SASS um frumvarp til laga um breytingu á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald (heimagisting og flokkar veitingastaða), 704. mál.

Stjórn SASS tekur undir sjónarmið Sambands íslenskra sveitarfélaga sem fram koma í umsögn þeirra til atvinnuveganefndar og dags. er 28. apríl sl.

Jafnframt telur stjórnin að skilgreina þurfi betur fjölda leyfilegra rýma í heimagistingu, sérstaklega í þéttbýli. Það er alveg mögulegt, eins og dæmin sanna, að útbúa þokkaleg einbýlishús þannig að þau bjóði upp á 5 - 10 gistirými eða þaðan af fleiri. Í raun eru þau þá farin að reka gistipjónustu sem fer langt yfir þolmörk þess sem t.d. nágrannar ættu að þurfa að þola, sbr. bílastæði og annan átroðning inni í skilgreindri íbúðabyggð. Eðlilegra er að setja takmörk við 4 gistirými í heimagistingu.

Einnig ætti að koma fram tilkynningarskylda til sveitarfélaga þegar leyfi hefur verið veitt til breyttrar notkunar húsnæðis en við leyfisveitingu hækka fasteignagjöld.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar SASS

Bjarni Guðmundsson,
framkvæmdastjóri